

Bókun

Landgræðsla ríkisins og FÍN- Félag íslenskra náttúrufræðinga eru sammála um að með bókun þessari hækki laun á öllum starfsheitum stofnanasamnings dags 28. mars 2006 og bókun frá 25. apríl 2007 um einn launaflokk á grunnröðun frá og með 1. apríl 2010. Hækkun vegna starfstíma tekur breytingum skv. því. Launaflokkar hvers starfsheitis verða skv. eftirfarandi:

Starfsheiti

Launaflokkur

N-I Náttúrufræðingur

4

Náttúrufræðingur sem nýtir kunnáttu sína við úrlausn verkefna er krefjast faglegrar hæfni og menntunar. Hann ber faglega ábyrgð á verkþáttum en starfar að jafnaði undir stjórn og leiðsögn annarra. Eftir 1 árs starfstíma færist hann í launaflokk 6 og eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 8.

N-II Náttúrufræðingur

8

Náttúrufræðingur sem starfar að verkefnum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Hann ber faglega ábyrgð á verkþáttum eða verkefnum í samráði við yfirmann. Eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 10.

N-III Náttúrufræðingur

10

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Hann sinnir faglegri ráðgjöf, rannsóknnum og þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann. Í starfinu felst kostnaðareftirlit. Eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 11.

H Héraðsfulltrúi

10

Héraðsfulltrúi vinnur á skilgreindu starfssvæði og er svæðisbundinn fulltrúi Landgræðslunnar þar. Hann hefur umsjón með verkefnum á sínu starfssvæði og ber faglega ábyrgð á þeim. Hann sinnir öðrum verkþáttum sem falla undir héraðssetrið og hefur samskipti við félagasamtök og einstaklinga í samráði við yfirmann. Í starfinu felst kostnaðareftirlit og í sumum tilvikum árstíðabundin mannaforráð. Héraðsfulltrúi sem stýrir og ber ábyrgð á rekstri og starfsemi starfsstöðvar sinnar og sinnir mjög umfangsmiklu starfi og/eða fer með viðvarandi mannaforráð skal fá það metið til hækkunar launa. Eftir 3 ára starfstíma færist hann í launaflokk 11.

S Sviðsstjóri

16

Sviðsstjóri ber ábyrgð á starfsemi á sínu sviði. Hann fer með yfirstjórn verkþátta sviðsins og hefur samskipti við aðrar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Hann ber ábyrgð á fjármálum sviðsins í samræmi við fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Hann tekur einnig þátt í gerð fjárhagsáætlunar, stefnumótun og áætlanagerð um starfsemi stofnunarinnar almennt.

F Fagmálastjóri

18


Fagmálastjóri hefur með höndum stjórnun, samhæfingu og stefnumörkun. Hann skipuleggur og hefur umsjón með umfangsmiklum þverfaglegum verkefnum og á samskipti við ráðuneyti, stofnanir, og fyrirtæki. Hann annast einnig samskipti stofnunarinnar vegna alþjóðlegra samninga. Hann tekur einnig þátt í gerð fjárhagsáætlunar, stefnumótun og áætlanagerð um starfsemi stofnunarinnar almennt.

Gildistími.


Bókun þessi gildir frá 1. apríl 2010 og er breyting á stofnanasamningi Landgræðslu ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga, dags. 28. mars 2006 og bókun frá 25. apríl 2007.


Gunnarsholti 15. apríl 2010


F.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga


Jóhann Þórsson


Hulda Karlsdóttir


Gústav M. Ásbjörnsson


Jóna María Eiríksdóttir